



918. fundur stjórnar GSÍ 02.11.2019 kl. 9:30 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Gunnar K. Gunnarsson, Eggert Á. Sverrisson, Hansína Þorkelsdóttir, Hulda Bjarnadóttir, Jón B. Stefánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hörður Geirsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 917. fundar var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Málefni GM

Svar stjórnar golfklúbbs Mosfellsbæjar sem barst framkvæmdastjóra GSÍ þann 1. nóvember við erindi stjórnar GSÍ frá 23. október var rætt í tengslum við framkvæmd Íslandsmótsins 2020. Stjórn var einróma um að GM hefði ekki tekist að uppfylla þau skilyrði sem sett voru fram í bréfi GSÍ þann 23. Október. Af þeim sökum væri sambandinu nauðugur sá kostur að hefja viðræður við aðra golfklúbba um framkvæmda mótsins. Yrði formanni GM tilkynnt þessi niðurstaða en tekið yrði fram að klúbburinn hefði áfram möguleika á því að uppfylla skilyrðin þar til samningar hefðu náðst við annan mótshaldara.

#### 3. Endanlegar lagabreytingar

Haukur Örn kynnti þær lagabreytingar sem leggja á fyrir Golfþing 2019, endanlegar tillögur verða sendar út eigi síðar en 7. Nóvember og var laganefnd falið að koma með endanlegar tillögur fyrir næsta stjórnarfund.

#### 4. Tillögur varðandi leikkort GSÍ

Hulda Bjarnadóttir fór yfir það samtal sem hún hefur leitt undanfarnar vikur með golfklúbbum sem hafa viljað endurskoða fyrirkomulag Leikkorta GSÍ. Hulda kynnti tillögu sem stendur til að leggja fyrir golfþing 23. nóvember.

#### 5. Endanleg útgáfa stefnumótunar

Farið var yfir lokadrög að stefnu GSÍ 2020-27 og voru drögin samþykkt sem tillaga fyrir Golfþing af stjórn GSÍ. Stefnan verður nú sett upp og send út á golfklúbba með tilskyldum fyrirvara fyrir Golfþingi.

#### 6. Umsókn golfklúbbsins Esju til GSÍ

Tekin var fyrir umsókn golfklúbbsins Esju um að gerast aðili að Golfsambandi Íslands. Farið var yfir þau gögn sem bárust með umsókninni. Samþykkt var að óska eftir



staðfestingu frá forsvarsmönnum Esju þess efnis að samkomulag liggi fyrir um heimvöll klúbbsins. Með þeim fyrirvara var samþykkt að leggja umsóknina fyrir Golfþing ásamt þeirri tillögu stjórnar GSÍ að umsóknin yrði samþykkt. Þá var samþykkt að bjóða formanni golfklúbbsins um að halda stutta kynningu á starfsemi klúbbsins á Golfþingi 23. nóvember áður en atkvæði verða greidd um umsókn klúbbsins á þinginu.

#### 7. Dagskrá Golfþings

Fyrsta fundarboð var sent út þann 11. september síðastliðinn og megindrættir dagsrár þingsins voru sendir út þann 25. október. Engar tillögur um málefni sem fulltrúar golfklúbba óska eftir að tekin verði til umræðu á þinginu bárust stjórn GSÍ, sbr. 5. gr. laga GSÍ.

Endanleg dagskrá þingsins var samþykkt og verður hún, ásamt öllum þingskjölum, send á golfklúbbana þann 7. nóvember nk.

#### 8. Mótaskrá GSÍ 2020 - 2027

Hörður Geirsson formaður mótanefndar fór yfir stöðuna á mótaskrá 2020-2022. Einnig ræddi Hörður þær reglur sem hafðar eru í huga þegar Íslandsmótum er úthlutað. Stefnt er á að lokadrög mótaskrár liggi fyrir í síðasta lagi á Golfþingi. Samþykkt var tillaga mótanefndar um að sama Íslandsmóti yrði ekki úthlutað til sama golfklúbbs tvö ár í röð. Að auki var tillaga mótanefndar um að auglýsa úthlutun Íslandsmótsins í golfi til fimm ára frá og með árinu 2021 samþykkt en huga þarf að skilyrðum varðandi tengingar við önnur mót. Hugmyndir mótanefndar um að halda Íslandsmót 35+ samhliða Íslandsmótinu í golfi, sem sérstakan flokk innan Íslandsmótsins, voru ræddar en mótið var haldið sem slíkt í fyrsta skipti árið 2019 og gekk það að sögn Harðar nokkuð vel þó vantað hafi upp á betri kynningu á breytingunni.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 15:10